

Skólanefndarfundur 1. september 2020

Fundur settur 16:06

Mættir: Valgerður, Arna, Hjálmar Bogi, Helena Eydís, Ásta, Birgitta Bjarney, Kolbrún Ada, Díana Jóns, Sigurgeir

Fjarverandi: Halldór Jón

Dagskrá:

1. Fjárhagsstaðan
2. Heilsunuddbraut
3. Skólabyrjun
4. Jafnlaunavottun
5. Ytra matið
6. Framkvæmdir
7. Önnur mál

1. Fjárhagsstaðan

- Ársreikningur 2019 var kynntur á síðustu önn og var árinu lokað með halla en það kemur ekki að sök þarf sem við áttum inni pening frá fyrra ári.
- Staðan núna er um það bil 1 milljón í halla.
- Covid-19 kemur í veg fyrir að FSH geti leigt út húsnæði sitt og aflað þannig sértekna, eins var félagsmiðstöð Tún sagt upp – Fyrirhugaðar breytingar á verðskrá.

2 og 3. Heilsunuddbraut og skólabyrjun

- Það eru 106 nemendur í FSH nú en búist er við að missa tvo úr heilsunuddinu.
- FSH er farið af stað með annan hóp af nemendum á heilsunuddbraut á þessari önn, nú eru þau að undirbúa sig bóklega og byrja verklega vonandi á vorönn 2021. Búið er að ganga frá kennara málum vegna heilsunuddbrautar og fjölgun á henni.
- 11 nýir nemendur eru byrjaðir á heilsunuddbraut, 13 eru eftir í fyrsta hóp sem tekinn var inn.
- Það eru 500 nemendur sem hafa sótt um skólavist en hafa ekki fengi inn í skóla, mögulega koma fleiri nemendur inn til okkar vegna þessa.
- FSH frestaði skólabyrjun um nokkra daga og nýtti tímann til að undirbúa kennslustofur og húsnæði og skipuleggja kennslu, þrif og fleira. Kennsla hóst 17 ágúst 2020.
- Nemendur fá ekki að borða niðri í Borgarhólsskóla og því lengdum við hádegis hléið upp í 50 mín því nemendur mega ekki vera í skólanum nema að þeir séu í kennslustund.
- Stöðnum kennslustundum var fækkað úr fjórum niður í þrjár, fjarfundir eða annað nám þennan eina tíma (hluti að þróunarstarfi)
- Gengið mjög vel það sem af er.

4. Jafnlaunavottun

Arna segir frá vegferð FSH í leið sinni að jafnlaunavottun.

- Innri úttekt var í dag 1. september
- Rýni stjórnenda verður mánudaginn 7. september
- Lokaúttekt verður 15. september

5. Ytra mat

Ytra mat var framkvæmt og nú er skýrsla aðgengileg inni á www.mmr.is

Margir góðir punktar komu fram en einnig atriði sem hægt er að laga.

Það sem stendur upp úr:

Félagsaðstaða nemenda bágborin og verið er að vinna að úrbótum í því.

FSH: Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki

Tengja núverandi orð við dagsdaglegt staf við einkunnarorð skólans.

6. Framkvæmdir

- Bókasafn - Tilbúið
- Skrifstofa fjármálastjóra og ritara - Tilbúið
- Tengigangur - í vinnslu
- Snyrtingar á kennaragangi – Framkvæmdir fyrirhugaðar í vetur
- Kvikmyndastofa – Framkvæmdir fyrirhugaðar í vetur
- Skjalageymsla – Framkvæmdir fyrirhugaðar í vetur
- Hellulögn fyrir utan nemenda gang til að nýta við útikennslu og aðra viðburði

Bent er á miðað við niðurstöður ytra mats þar sem fram kemur að aðstaða nemenda sé slæm, hvernig á að bæta það? Skólameistari segir þurfa að byggja húsnæði og er búin að tala við Bæjarstjóra Norðurlings um það mál en ekkert en þá búið að gerast.

7. Önnur mál

1. Sértekjur hafa skroppið saman og því leggur skólameistari til að við fellum niður ákvæðið um að aldrei sé greitt fyrir fleiri en tvo áfanga og setjum að greitt verði 10.000 kr. fyrir fyrstu tvo áfangana og 8.000 kr. fyrir næstu tvo á eftir.
2. Tónlistar nám er metið til eininga, og FSH er í fast samstarf með Tónlistarskóla Húsavíkur. Þarf að auglýsa betur. Búið er að útbúa brautarlýsingu og áfangalýsingar.
3. FSH er búið að endurnýja samninginn við Völsung, hann er sambærilegur og síðustu önn.
4. Nemendafélagið þarf að velja sér fulltrúa inn í skólanefnd og skólaráð og þarf að virkja það enn betur og tryggja mætingu.